

GJALDSKRÁ

fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Borgarnesi fyrir árið 2001.

1. gr.

Skráningargjald, sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 577/1995 um bann við hundahaldi í Borgarnesi, skal árið 2001 vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð c í 2. grein framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 7.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjald-ið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 700 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 6. mars 2001.

F.h. Borgarbyggðar,

Eiríkur Ólafsson bæjarritari.

AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Silfurstjörnnunnar hf. á Núpsmýri, Öxarfjarðarhreppi, kt. 610788-1579. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. apríl 2005.

Hollustuvernd ríkisins, 9. apríl 2001.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.